

**Mál nr. 415/2017**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis A.**

**Maður slasaðist þegar hann reyndi að stökkva inn í bifreið á ferð 11.12.2016.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 18.12.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.
2. Bréf V dags. 27.12.2017.

**Málsatvik.**

M lenti í umferðarslysi þegar A ók yfir vinstri fót hans með þeim afleiðingumað hann fótbrotnaði. A rann aftur á bak og M reyndi að koma í veg fyrir tjón með því að setjast inn í bifreiðina og stöðva hana en komst ekki inn í bifreiðina og lenti undir henna með fyrrgreindum afleiðingum. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og segir að það hafi ekki verið stórkostlegt gáleysi af sinni hálfu miðað við aðstæður að reyna að komast inn í A, sem rann stjórnlaust aftur á bak í því skyni að stöðva A því ella var fyrirsjáanlegt að verulegt tjón mundi af hljótast. M segist eingögnu hafa gert það sem eðlilegt var miðað við þessar aðstæður. V viðurkennir bótaskyldu en telur þá háttsemi M að stökkva inn í bifreið sem rann stjórnlaust teljist vera stórkostlegt gáleysi í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá vísar V einnig til 6. gr. umferðarlaga þar sem bann er lagt við því að stökkva upp í bifreið á ferð. V telur að hættan af tjóni hafi ekki verið slík að M hafi verið nauðsynlegt að bera sig að með þeim hætti sem hann gerði. V telur því að skerða eigi bætur til M um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis hans.

**Álit.**

M sýndi af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann reyndi að stökkva inn í bifreið sem rann mannlauus og stjórnlaus niður brekku. Miðað við fyrirliggjandi gögn þá verður ekki séð að hætta hafi skapast fyrir fólk vegna þess að bifreiðin rann stjórnlaust niður brekkuna og því gat ekki orðið um annað en ákveðið tjón á bifreiðinni að ræða. Við þessar aðstæður verður það að teljast varhugavert og stórkostlegt gáleysi af hálfu M að stökkva inn í bifreiðina. Þrátt fyrir að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þá á hann samt rétt á bótum vegna slyssins, en rétt þykir að M beri tjón sitt sjálfur að 1/3 hluta.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V, en ber 1/3 tjón síns sjálfur.

Reykjavík 30.1.2018.

Valgeir Pálsson lögmaður.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Jón Magnússon lögmaður.